

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Vilhjálmi Egilssyni,  
Guðmundi Hallvarðssyni, Hjálmari Árnasyni og Helgu Guðrúnu Jónasdóttur.

1. Í stað orðanna „skipa sem gerð eru út frá“ í 1. efnismgr. 4. gr., efnismálgrein 13. gr. og 2. mgr. 15. gr. komi: stuðnings.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „gildistöku þessara laga“ í lokamálslið 5. gr. komi: 17. mars 1999.
3. Við bætist ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:  
Í stað orðanna „1., 2. eða 5. mgr.“ í 1. mgr. 11. gr. b laganna kemur: 1. eða 2. mgr.
4. Við bætist ný grein er verði 13. gr. og orðist svo:  
Í stað orðanna „ákvæði 1. mgr. 20. gr.“ í 20. gr. a laganna kemur: ákvæði 1. mgr. 25. gr.
5. Við 15. gr.
  - a. 1. mgr. orðist svo:  
Ákvæði 1., 2., 3., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 13., 14., 15. og 16. gr. öðlast þegar gildi.
  - b. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:  
Yfirfærsla á efnisákvæði 1. mgr. ákvæðis XXV til bráðabirgða til almenns ákvæðis í lögnum, sbr. 5. og 14. gr., stofnar ekki nýjan rétt til úthlutunar eða hefur áhrif á gildi framsals slíks réttar sem staðfest hefur verið fyrir gildistöku ákvæðanna.